



Til nefndar samkvæmt 21. gr. laga nr. 94/1986  
um kjarasamninga opinberra starfsmanna

R.vík 06.03.2020

**Efni: Ósk Landspítala um undanþágu frá verkfalli samkvæmt 20. gr. laga nr. 94/1986 með vísan til fordæmalausrar stöðu Landspítala og alls íslenska heilbrigðiskerfisins**

Með vísan til yfirvofandi hættuástands af völdum COVID-19 og þeirra sjónarmiða sem fram koma í sameiginlegu minnisblaði landlæknis, sóttvarnarlæknis og ríkislöggreglustjóra um málið dags. 5. mars 2020 er ljóst að íslenska heilbrigðiskerfið er í fordæmalausrí stöðu. Álag á allt heilbrigðiskerfið mun aukast verulega á komandi dögum og vikum, sérstaklega þó á Landspítala sem aðalsjúkrahúss landsins. Rétt er að benda á að starfsfólk Landspítala er nú þegar á meðal sýktra og þeirra sem eru í sóttkví.

Það er ljóst að félagsmenn í Sameyki og Sjúkraliðafélagi Íslands gátu ekki séð fyrir þessa grafalvarlegu stöðu þegar þeir greiddu atkvæði um verkfall.

Landspítali telur að heilbrigðiskerfið standi frammi fyrir alvarlegri og fordæmalausrí stöðu sem ótvírætt varðar brýna hagsmuni samfélagsins alls. Með vísan til þessa telur spítalinn að jafna megi þessari stöðu til yfirvofandi neyðarástands sbr. 20. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem nauðsynlegt sé að afstýra.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða er þeirri ósk hér með beint til nefndar samkvæmt 21. gr. laga nr. 94/1986 að veittar verði undanþágur fyrir alla þá starfsmenn Landspítala sem áfomað er að fari í boðað verkfall daganna 9. – 10. mars 2020.

A handwritten signature in black ink is placed over a printed name. The name "Páll Matthíasson" is printed in a standard font below the signature. To the right of the signature, the words "Virðingarfyllst" are printed in a smaller font.

Páll Matthíasson forstjóri